


NANSEN PRÓFESSORSSTAÐA Í NORÐURSLÓÐAFRÆÐUM



Utanríkisráðherrar Íslands og Noregs undirrituðu viljayfirlýsingu í september 2011 um rannsóknasamstarf á sviði norðurslóðafræða. Þar er kveðið á um gestaprófessorstöðu í norðurslóðafræðum við Háskólann á Akureyri sem kennd væri við norska heimskautafræðinginn Fridtjof Nansen.

Laus er til umsóknar staða gestaprófessors í norðurslóðafræðum við Háskólann á Akureyri. Staðan er veitt til eins árs í senn framúrskarandi vísindamanni sem starfar að málefnum er tengjast lagalegum, hagrænum, félagslegum og náttúrufarslegum aðstæðum á norðurslóðum. Umsóknarfrestur er til **15. ágúst 2012** og gert er ráð fyrir að ráðningartímabil hefjist 1. október 2012 eða samkvæmt nánara samkomulagi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Doktorsgráða eða sambærilegt nám ásamt traustum fræðilegum bakgrunni á sviði lagalegra málefna og sjálfbærrar þróunar á norðurslóðum.
- Reynsla af þverfaglegu starfi er lýtur að flóknu samspili mannlegs samfélags og umhverfis.
- Reynsla af rannsóknastarfi varðandi málefni norðurslóða.
- Þátttaka í alþjóðlegum rannsóknateymum og skjalfest færni til að afla rannsóknastyrkja.
- Samskiptahæfni og félagsleg færni.

Starfið felst einkum í:

- þátttöku í rannsóknum, kennslu og þróun námsleiða við Háskólann á Akureyri
- nánú samstarfi við fræðimenn um eflingu kennslu og rannsókna á sviði norðurslóðafræða við Háskólann á Akureyri og í tengslum við University of the Arctic
- að halda opna fyrirlestra um málefni norðurslóða, jafnt í nærsamfélaginu, víðar á Íslandi og erlendis, og taka virkan þátt í almennri umræðu um breytingar á norðurslóðafræðum.

Launakjör verða í samræmi við núgildandi kjör prófessora við íslenska ríkisháskóla. Frekari upplýsingar um stöðuna og umsóknarferlið má finna á starfatorg.is og á vef Háskólans á Akureyri, <http://www.unak.is/haskolinn/page/lausstorf>